

1864.
12. janúar. verzlunarhús þetta svo að minnsta kosti yrði gjörð tilraun í þá átt, sem farið er fram á í bænarskránni, þá biður dómsmálastjórnin utanríkisstjórnina að hlutast til um, að hinn konunglegi sendiherra við hirðina á Bretlandi hinu mikla fái skýrslu frá verzlunarhúsinu P. L. Henderson bæði um það, hvort það ætli á næsta sumri eður síðar að láta gufuskip ganga milli Reykjavíkur og verzlunarstaða sinna á norðurlandi og austurlandi, og einnig um hitt: hvort það, ef það hafi slíka fyrirætlun, sjái sér fært og vilji taka að sér að flytja á gufuskipi þessu menn og varning milli allra eður að minnsta kosti nokkurra af þeim höfnum, sem nefndar eru í bænarskrá alþingis, og að ofan er getið, með þeim skilmálum, sem það gæti orðið ásaðtt um við dómsmálastjórnina, og óskar stjórnarráðið þá að fá um leið nákvæmari uppástungur þar að lútandi.

13. janúar. **2. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til fjárstjórnarinnar, um styrk til forngripasafns á Íslandi.**

Í meðfylgjandi bænarskrá, er hingað hefir komið með álitsskjali stiptsyfirvaldanna á Íslandi, er einnig fylgir með bréfi þessu, hafa tveir menn í Reykjavík, Jón stúdent Árnason og Sigurður málarí Guðmundsson, er hafa áformað að stofna íslenzkt forngripasafn, sótt um, að þeim verði veittur 300 ríkisdala styrkur á ári til að koma fram þessari fyrirætlun sinni.

Af bænarskrá þessari og af skýrslum þeim um þetta efni, er hlutadeigendur hafa látið prenta í íslenzka blaðinu Þjóðólfi, má ráða, að þegar er komin nokkur byrjun, þó lítil sé, til slíks safns, sem um er rætt í bænarskránni, og að búíð er að leggja drög fyrir að fá ýmsa hluti, sem til eru hingað og þangað á landinu og hæfir þykja til að vera í safninu; það sést og, að svo er til ætlazt, að styrkur sá, er veittur kynni verða til safnsins, væri hafður til að kaupa fyrir þessa hluti og aðra slíka, er hefðu þýðing fyrir sögu landsins eður fornfræði, og til þess að borga með kostnað þann, er geymsla þeirra og niðurskipun hefði í för með sér, en að á hinn bóginn verður eigi við því

1864.

13. janúar.

búizt, að áformi þessu verði framgengt, nema hið opinbera styðji það og láti því styrk í tæ. Það er eigi með berum orðum tekið fram í bænarskráníni, en eigi að síður vafalaust svo til ætlazt, að safnið ekki verði eign beiðendanna, heldur landsins.

Það má nú vissulega telja æskilegt, ef fornmenjar þær, sem enn eru til á Íslandi og snerta sögu landsins og fornfræði, yrðu varðveittar svo þær eigi glötuðust, og mundi það mjög stuðla til þessa, ef komið yrði á skipulegu safni, þar sem slíkum fornmenjum yrði haldið saman, og væri því eptir stjórnarráðsins álit ástæða til að styrkja vidleitni beiðendanna í þessu efni með því, að veita nokkurn árlegan styrk til þessa úr ríkissjóðnum, og það því fremur sem þeir, eptir því sem stiptsyfirvöldin segja frá, bera svo gott skynbragð á málið og hafa svo mikinn áhuga á, að því geti orðið framgengt, að þetta er næg trygging fyrir því, að því fê, sem þeim yrði veitt í þessu skyni, yrði varið á bezta og hagfelldasta hátt; mætti og bjóða stiptsyfirvöldunum að hafa vakandi auga á, hvernig fênu væri varið.

Með því þessu er þannig varið, biður kirkju- og kennslustjórnin um álit fjárstjórnarinnar um það, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu af hálfu hins heidraða stjórnarráðs, að kirkju- og kennslustjórnin fari þess á leit við ríkisdaginn, með því að gjöra breytingaratkvæði við frumvarpið til fjárlaganna fyrir árið 1864—65, að veittir verði 300 rdl. í þessum tilgangi.

3. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um einkunnir í latínu og grísku í hinum lærða skóla og um ofdrykkju lærisveina.

13. janúar.

Í skjali, er þér herra stiptamtmaður, og þér háæruverðugi herra, senduð stjórnarráðinu til úrskurðar með bréfi yðar 12. októberm. f. á., hefir Bjarni Johnsen, skólameistari hins lærða skóla í Reykjavík, beðið um samþykki stjórnarráðsins til þess, að hann, eptir að hafa ráðgast um það efni við kennarana við skólann, hefir ákveðið að tölugildi þeirra einkunna, sem gefnar